

Sumar í Lækjarási

LOKAÐ VERÐUR VEGNA SUMARLEYFA Í LÆKJAR-
ÁSI 5. JÚLÍ - 23.JÚLÍ

Á sumrin er ekki hefðbundið klúbbastarf í gangi. Þá er lögð áhersla á útiveru og vettvangsferðir einnig er vinsælt að fara í gróðurhúsið í Bjarkarási og sinna plöntunum.



Lækjarás, dagþjónusta

Stjörnugróf 7, 108 R.vík

Sími: 414-0560

Netfang: laekjaras@styrktarfelag.is



Lækjaráspósturinn

2. tbl.

Maí 2010

4.árg.

List án landamæra

Lækjarás tók þátt í myndlistarsýningu List án landamæra sem var í Ráðhúsinu og hófst 29. apríl. Verkið sem Lækjarás sendi var samstarfsverkefni sem mjög margir í Lækjarási komu að og hjálpuðust að við að búa til. Verkið heitir *Saga um tré* og er byggt á ljóði eftir Auðunn Gestsson og fjallar um vöxt Lækjaráss í gegnum árin.



Skyndihjálparnámskeið í Lækjarási



Í apríl kom Laufey Gissurardóttir í Lækjarás og hélt námskeið í helstu grunnatriðum skyndihjálpar. Námskeiðið var mjög gagnlegt og skemmtilegt og þátttakendur lærðu hvernig á að bregðast við og bjarga fólki í neyð.

Vorgleði Lækjaráss

Vorgleði var haldin í Setrinu þann 30. apríl. Þemað var appelsínugulur og var mikið fjör og gleði. Farið var í leiki, m.a. púðakast sem vakti mikla kátínu. Að lokum var stigin dans og boðið upp á ávexti með appelsínugulum rjóma og drykk í sama lit.

